

EFTIRLITSSKÝRSLA

Eskja hf. Eskifirði Eskifjörður



Dags eftirlits 22.11.2013

Fulltrúi UST Leifur Þorkelsson

Fyrirtæki Eskja hf. Eskifirði

Fulltrúi UST

Heimili

Tegund eftirlits Reglubundið

Kennitala 6301694299

Flokkur Fiskimjölsverksmiðja

Fulltrúi fyrirtækis Haukur Líndal

ÍSAT nr. 15.20.7

Fulltrúi fyrirtækis

Staðsetning 734232,988 517289,471

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitsferðinni en ekki hefur enn verið lokið við að tengja fráveituvatn frá löndunarhúsi við hreinsibúnað. Gerð var athugasemd við það að grænu bókhaldi var skilað of seint.

Miklar breytingar hafa farið fram í verksmiðjunni að undanförnu dregið hefur úr olíunotkun í kjölfar rafvæðingar, meðhöndlun útblásturslofts hefur verið breytt, nýr og hærri reykháfur hefur verið reistur og nýtt starfsmannahús hefur verið tekið í notkun.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með verksmiðjustjóra fyrirtækisins. Ein kvörtun barst til eftirlitsaðila í sumar en þann 20. júlí barst kvörtun um grút í sjónum á Eskifirði. Við eftirgreinnslan kom í ljós að þvottavatn frá verksmiðjunni litaði sjóinn og því ekki ástæða til neinna aðgerða enda átti kvörtun um grútarmengun ekki við rök að styðjast.

Breytingum sem kynntar voru skriflega í október 2012 er að mestu leyti lokið. Þó á eftir að stilla lykteyðingarbúnað og verður það gert á komandi loðnuvertíð þegar samfelld vinnsla verður í verksmiðjunni. Búið er að leggja lagnir frá löndunarhúsi og að hreinsivirkni en eftir á að koma fyrir og tengja dælu í löndunarhúsi. Úrbótaáætlun gerði ráð fyrir að framkvæmdum yrði lokið í byrjun júlí 2013. Fyrirtækið fékk frest til 5. júlí 2013 til að skila inn til Umhverfisstofnunnar staðfestingu á því að úrbótum væri lokið.

Farið var yfir starfsleyfi fyrirtækisins útgefnu af Umhverfisstofnun í september 2003 með gildistíma til 1. febrúar 2015. Fram kom að undirbúningur vegna umsóknar um nýtt starfsleyfi er hafinn.

Starfsleyfi verksmiðunnar heimilar að unnið sé úr 1.000 tonnum af hráefni á sólarhring. Meðalafköst á loðnuvertíð eru um það bil 950 tonn á sólarhring, afköstin eru að jafnaði lægri við vinnslu á öðru hráefni.

EKKI hefur komið til þess að vinna í verksmiðjunni hafi legið niðri í meira en einn mánuð það sem af er ári, því hefur ekki reynt á ákvæði í grein 1.5 um tilkynningu til eftirlitsaðila um gagnsetningu eftir meira en mánaðar stopp.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2012 var skilað 12. júlí sl. Skv. Reglugerð 851/2002 um grænt bókhald skal skila grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert. Í grænu bókhaldi kemur meðal annars fram hluti þeirra upplýsinga sem krafist er í grein 4.1

Útblástursloft er meðhöndlað í lykteyðingarturni en ekki brennt eins gerð er krafa um í grein 3.4 Umhverfisstofnun samþykkti þessar breytingar með bréfi dags. 29. nóvember 2012 og taldi að verksmiðjan þyrfti ekki að sækja um nýtt starfsleyfi vegna breytinganna

Tilkynnt er til eftirlitaaðila ef mengunaróhöpp verða í verksmiðjunni í samræmi grein 3.17. Þann 27. júní sl. var tilkynnt um að svartolia hefði lekið úr krana í ketilhúsi. Öll olían endaði í fitugildru og fór því ekki út í umhverfið eins og fram kemur í bréfi frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands til Umhverfisstofnunnar dags. 28. júní 2013.

Sýnatökur á fráveituvatni fóru fram á kolmunnavertíð í maí sl. skýrslu með niðurstöðu mælinganna var skilað í eftirlitsferðinni. Skv. skýrslunni er losun mengandi efna frá verksmiðjunni innan losunarmarka sem tilgreind eru í grein 3.9.

Að lokum var gengið um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar. Staðfest var að búið er að leggja lagnir

bls. 1

frá löndunarhúsi og að hreinsivirki en eftir var að leggja lokahönd á framkvæmdina.

Frávik frá


Lýsing á fráviki

Grein 3.8. og frá úrbótaáætlun Framkvæmdum við að tengja frárennsli frá löndunarhúsi er fyrirtækisins (samþykkt dags. 29. ekki lokið. Úrbótafrestur rann út 5.júlí 2013 janúar 2013)

ATHUGASEMDIR

Minnt er á að grænu bókhaldi á að skila fyrir 1. maí ár hvert

Reykjavík, 16.12.2013



Leifur Þorkelsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.